

24 apríl 2016.

Fundur nr. 8 í aðalstjórnar Vestra, kl 17.00 í Háskólasetrinu.

Mættir eru; Hjalti Karlsson, Guðfinna Hreiðarsdóttir, Sólrún Geirsdóttir, Sigurður Jón Hreinsson, Gísli Jón Hjaltason og Guðni Guðnason.

Komnar eru niðurstöður úr kosningu á keppnisbúning fyrir félagið. Kosningin fór fram á vefsvæði BB.IS og alls komu í hús um 800 atkvæði. Talsverður fjöldi atkvæða var ógildur. Eftir stóðu 672 gild atkvæði, þegar ógild atkvæði eru tekin frá. Í boði voru þessir þrjú möguleikar og niðurstaðan er eftirfarandi:

A – Röndótt, blátt og hvítt	40%
B – Röndótt, svart og blátt	9%
C – Tvílitt, dökk blátt og rautt	51%

Tilkynnt verður á vefmiðlum um úrslit kosningarinnar, á næstu dögum.

Stjórn körfuknattleiksdeildar verður falið að velja litasamsetningu fyrir „varabúning“ félagsins, á grundvelli þess að karfan þarf að spila heimaleiki í þeim búning.



#### 1. Samkeppni um merki.

Niðustaða stjórnar er að setja eftirfarandi merki í kosningu.



Stjórnarmenn hafa undanfarna viku velt fyrir sér tillögunum og settu inn stig á fyrir sín efstu merki. Gert er ráð fyrir að tillögurnar fari í kosningu á BB.IS á næstu 3-4 dögum eða svo.

#### 2. Vefsíða fyrir Vestra.

Rætt um tilboð sem komið er fram frá Snerpu. Tilboðið hljóðar upp á mánaðargjald 5.995.- og uppsetningu á nýrri síðu með flutningi á efni af eldri síðum upp á 124.000.-

Hjalti kemur til með að kanna verð á öðrum stöðum til samanburðar.

Annars er stjórn sammála um það að verðið sé nokkuð gott og vitað er að vefumhverfið Snerpill er ágætt að vinna með.

Fundi slitið kl 18:06

Fundargerð ritaði Siggí Hreins